

Ed.

314. Nefndarálit

um frumvarp til laga um vatnsveitu í löggiltum verslunarstöðum (þingskj. 194).

Vjer, sem háttv. deild hefir falið að ihuga mál þetta, höfum athugað frumvarpið, eftir því sem hinn naumi tími hefir leyft, og er álit vort á þessa leið:

Að vísu erum vjer í nokkrum vafa um, hvort rjett sje að gefa almenn lög um þetta efni, nfl. í einu lagi fyrir öll kauptún á landinu. Því nokkur ástæða virðist oss vera til þess, að stjórn og þing athugi vel í hverju einstöku tilfelli, hvort nægar ástæður og fulltryggileg skilyrði sjeu fyrir hendi, til þess að veita einhverri sveitarstjórn hin mikilsverðu rjettindi sem felast í slíkum vatnsveitulögum. En þó viljum vjer ekki ráða háltvirtri deild til þess að fella frumvarpið, þar sem háttv. Nd. hefir samþykkt það því nær einróma, en teljum hins vegar nauðsynlegt að breyta því allmikið, svo það verði sem líkast lögum nr. 84, frá 22. nóv. 1907 um vatnsveitu í Reykjavík. Lög þessi reyndust mjög vel, enda var vandað til undirbúnings þeirra, eftir því sem kostur var á.

Um hinar einstöku breytingartillögur vorar nægir að taka þetta fram:

Vjer álitum ákvæðið í síðasta lið 2. gr. óþarft, því mjög litlar líkur eru

til, að sýslunefnd að ástæðulausu taki fram fyrir hendur hreppsnefndar í þessum efnum, enda gæti verið, þar sem kaupúnsbúar eru í miklum minni hluta, að aðrir hreppsúar gætu þröngvað kosti þeirra um of.

Í 3. gr. frumvarpsins vantar ákvæði um heimild til að taka vatn til vatnsveitunnar í landeignum hreppsúa. Ráðum vjer því háttvirtri deild til að breyta greininni á þá leið, að hún verði samhljóða miðkafla 1. gr. í frumvarpi til laga um vatnsveitu á Sauðárkróki, eins og deildin samþykkti þá grein, enda eru þar einnig nákvæmar reglur um, hvernig eignarnámsmat skuli fram fara.

Þá virðist oss og rjett, að löggjafarvaldið setji föst og ófrávikjanleg takmörk fyrir því, hve háan vatnsskatt hreppsnefnd megi leggja á húseigendur. Ráðum vjer því til að samþykkja 3. gr. nýnefnds frumvarps, um vatnsveitu á Sauðárkróki, í stað 5. gr. í þessu frumvarpi.

Þá vanta í frumvarpið nákvæm ákvæði um, hvenær hreppsnefnd geti lagt vatnsveituskatt á húseigendur og hvern hluta vatnsleiðslunnar húseigendum beri að kosta sjálfum.

Oss virðist eigi ástæða til að gera nánari grein fyrir tillögum vorum, en visum að öðru leyti til nefndarálits á þingskj. 95 um frumvarp til laga um vatnsveitu á Sauðárkróki. Þó skal þess getið, að vjer lítum svo á, að ákvæðin í 5.—7. grein þess frumvarps eigi og megi takast upp í reglugerð þá, er þetta frumvarp gerir ráð fyrir að samin verði.

Samkvæmt þessu ráðum vjer háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið með þessum:

BREYTINGUM

1. Við 2. gr.

Síðari liður greinarinnar falli burt.

2. Við 3. gr.

Greinin falli burt.

3. Á eftir 2. gr. komi

4 nýjar greinar svohljóðandi:

3. gr.

Landeigendur á því svæði, þar sem hreppsnefndin ákveður að vatnsveitan skuli vera, skulu skyldir til að láta í tje nægilegt vatn úr uppsprettum, ám og brunnum í landareign þeirra, þó svo, að þeir sjeu eigi með því sviftir nægilegu vatni til heimilisþarfa fyrir þá sjálfa. Svo skal þeim og skylt að láta af hendi lóð og landsafnot til hverskyns mannvirkja, sem með þarf, til þess að safna vatninu og veita því, þar með talið grjóltak, malartekja, sandtekja og rista, og að þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á atnotarjetti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sjer, alt gegn því, að fult endurgjald komi fyrir. Bætur fyrir jarðrask í óræktuðu landi skulu því að eins greiddar, að álitid verði, að landeigandi biði skaða við það. — Verði ekki samkomulag milli hreppsnefndar annarsvegar og landeiganda eða lóðareiganda hinsvegar um endurgjaldið eða framkvæmd einhvers atriðis, þess er að framan greinir, skal

eignarnám fram fara. Skal það framkvæmt af þriggja manna nefnd, er sker úr því, hvað taka skuli, og ákveður endurgjaldið. Í nefndina nefnir hreppsnefnd einn mann, land- eða lóðareigandi annan og sýslumaður hinn þriðja. Tilnefni landeigandi eða lóðareigandi engan, skal dómkveðja mann við varnarþing hans.

4. gr.

Þá er hreppsnefndin hefir komið á vatnsveitu til kaupsins og um það, skal hún hafa einkarjett til að selja neysluvatn í kaupsinu.

5. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna, skal hreppsnefndinni heimilt að heimta vatnsskatt af öllum húseignum í kaupsinu (sbr. 6. gr.). Upphæð skattgjaldsins alls ár hvert ákveður hreppsnefndin, en hún má ekki fara fram úr 5^{0/00} (fimm af þúsundi) af húsaskattsvirðingu húseigna, er skatti þessum eiga að svara. Skatturinn skal lagður á hinar einstöku húseignir eftir gjaldskrá, með flokkun eftir hæð virðingarverðs og tölu íbúða í húsunum, og má eigi nema meiru en 6^{0/00} af virðingu á neinni húseign. Húseigandi greiðir gjaldið.

Sjerstakt aukagjald má leggja á verksmíðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur fyrirtæki, er vatn nota til annars en venjulegra heimilisþarfa, svo og á þá, er hafa vatnshana utanhúss. Öll skip, jafnt innlend sem útlend, er taka vatn úr vatnsveitu hreppsins, skulu greiða gjald fyrir vatnstökuna. Þessi gjöld skulu og ákveðin í gjaldskránni. Hreppsnefndin semur hana, en stjórnarráðið staðfestir og veitir staðfestingin gjöldunum lögtaksrjett sem öðrum sveitargjöldum.

6. gr.

Hreppsnefndin leggur vatnsæðar svo, að hver húseigandi nái til þeirra í götu eða vegi eða á opnu svæði, er liggur að lóð hans, og verður enginn krafinn um vatnsskatt fyr en svo er. Frá vatnsæðum þeim, er hreppsnefndin leggur í götu, vegi og opin svæði, leggur hver húseigandi vatnsæðar inn í hús sitt á eigin kostnað.

4. Við 4. gr.

Greinin verður: 7. gr.

5. Við 4. gr.

Síðasta málsgrein frá orðunum: »Ennfremur má«, falli burt.

6. Við 5. gr.

Greinin falli burt.

7. Við 6. gr.

Greinin verður: 8. gr.

8. Við 7. gr.

Fyrir »4. gr.« komi: 7. gr.

Alþingi, 19. ágúst 1912.

Eiríkur Briem,
formaður.

Steingrímur Jónsson,
skrifari og framsögum.

Jósef Björnsson.